



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 14. maí 2025

USK25050219

TILLAGA

Endurhönnun Naustarinnar sunnan Tryggvagötu

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar Naustarinnar, milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis, í samræmi við meðfylgjandi forhönnun með smávægilegum breytingum.

Greinargerð:

Breytingar á Tryggvagötu frá Lækjargötu að Grófinni voru kynntar umhverfis- og skipulagsráði þann 13. desember 2017. Sem hluti af þeirri hönnun var Naustin, en vegna stærðar á verkefninu var ákveðið að biða með framkvæmdir á Naustinni sunnan Tryggvagötu.

Með þessari tillögu er lagt til að klára endurgerð Naustarinnar sem rólegri götu í því miðborgarumhverfi sem gatan er í. Frá því að gatan var forhönnuð hafa nokkrar forsendur fyrir hana breyst, þar má t.a.m. nefna samþykkt skipulags- og samgönguráðs á tillögu um umferðarskipulag Kvosarinnar þann 18. nóvember 2020. Samkvæmt umferðarskipulaginu er stefnt að því að gatan verði göngugata í framtíðinni, en í tillögunni er dæmi um áfanga að því skipulagi þar sem Naustin er sýnd sem vistgata þar sem rúm er til vöruafgreiðslu en ekki gert ráð fyrir bílastæðum.

Af þessum sökum er lagt til að gera smávægilegar breytingar á forhönnun þannig að afmörkun milli akbrautar og gangstéttar verði afmáð. Með þessari breytingu fær gatan meira yfirbragð vistgötu og krefst heldur ekki breytingar þegar hlutverki götunnar verður breytt í göngugötu. Forhönnun götunnar gerði ráð fyrir að gatan yrði öll hellulögð, húsa á milli, og bílastæði fjarlægð. Áfram er unnið með þá grunnforsendu, en til viðbótar er lagt til að nota sambærilegar eða eins hellur á það svæði sem áður var skilgreint sem gangstétt og akbraut, og fjarlægja kanta sem afmarka akbraut. Svipaða hönnun má m.a. sjá á þeim hluta Laugavegar sem hefur verið endurgerður við Hlemm og á Smiðjustíg. Laugavegur við Hlemm er torgsvæði og ætlað almennt einungis fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, en Smiðjustígur er vistgata.


Breytingar á yfirborði götunnar er í samræmi við gildandi deiliskipulag Kvosarinnar, en skoða verður betur hvort breyta verði deiliskipulagi þegar gatan verður gerð að göngugötu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af Naustunum úr forhönnun á Tryggvagötu



Reykjavík



Reykjavík